

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 70/2011****2011/EES/54/12****frá 1. júlí 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 50/2011 frá 20. maí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1266/2010 frá 22. desember 2010 um breytingu á tilskipun 2007/68/EB að því er varðar kröfur um merkingar á vínnum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/8/ESB frá 28. janúar 2011 um breytingu á tilskipun 2002/72/EB að því er varðar takmörkun á notkun bisfenóls A í barnapela úr plasti ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í sjötta undirlið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/68/EB) 18. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB):
„– **32010 R 1266**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1266/2010 frá 22. desember 2010 (Stjtið. ESB L 347, 31.12.2010, bls. 27).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzb (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/72/EB):
„– **32011 L 0008**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/8/ESB frá 28. janúar 2011 (Stjtið. ESB L 26, 29.1.2011, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1266/2010 og tilskipunar 2011/8/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 196, 28.7.2011, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 28.7.2011, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 347, 31.12.2010, bls. 27.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 26, 29.1.2011, bls. 11.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.